

128. löggjafarþing 2002–2003.
Þskj. 964 — 603. mál.

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um úrræði fyrir fullorðna sem eiga við læsisvanda að etja.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hverjar voru niðurstöður starfshóps sem skipaður var 8. mars 2002 og falið var að gera tillögur um úrræði fyrir fullorðna sem eiga við læsisvanda að etja og hvernig er ráðgert að fara að tillögum hópsins?